

1744 29. maí**Tilskipun um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga á Íslandi**

Breytt með l. 25/1985 (tóku gildi 14. júní 1985).

...
■ 4) ...¹⁾

¹⁾ L. 25/1985, 38. gr.

■ 16) Kirkjunum skal halda hreinum og rúmgóðum á sunnudeginum, og má þar eins lítið á öðrum sem á þeim degi

finnst fatnaður eður sængurklæði, gós eður vara, hneyksli-
legar myndir, eða þær, sem stríða móti þeirri evangelisku
religion, með því að slíkt er óviðurkvæmilegt og ekki sam-
hljóðandi við þau heilögu verk, sem þar eiga fram að fara. Þó
mega kistur standa þar með því, sem kann að vera geymt í
þeim, hvar ekki eru stólar eður bekkir að sitja á. Einnig, hvar
loft eru í kirkjum með læsing fyrir, þar má geyma hreinlega
hluti, sem ekki gefa illan daun af sér, ellegar eru á annan hátt
ósæmandi í þeim stað. En engin annarleg höndlan má hafast
um hönd í kirkjunni. Annars skal hver sá, sem gerir á móti
þessu, sekjast einu lóði silfurs fyrir hvert sinn. ...